



ÁRSSKÝRSLA ANDABÆJAR 2023-2024



BORGARBYGGÐ

Efnisyfirlit

Inngangur.....	2
Greinagræð leikskólastjóra	2
Hagnýtar upplýsingar	3
Barnafjöldi	3
Mannauður	4
Húsnæði og viðhald	4
Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024	4
Námsmat.....	4
Mat á starfsemi.....	5
Innra starf	6
Starfsáætlun/áherslur í starfi	6
Innra mat Goðheimar veturinn 2023-2024	6
Innra mat Álfheima veturinn 2023-2024	8
Innra mat Hulduheima veturinn 2023-2024	9
Innra mat sérkennslu veturinn 2023-2024.....	10
Mat á samstarf leikskóla, grunnskóla og LBHÍ	10
Þróunarstarf	10
Starfsþróun	11
Foreldrasamstarf.....	11
Öryggismál.....	12
Skóladagatal 2023-2024.....	13
Starfsáætlun 2023-2024	14

Inngangur

Samkvæmt 14 gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 ber hverjum leikskóla að gefa út skólanámskrá og starfsáætlun. Skólanámskrá er nánari útfærsla á aðalnámskrá og felur í sér uppeldis- og námsáætlun leikskólans þar sem markmið eru sett og skilgreindar leiðir að þeim markmiðum. Skólanámskrá tekur mið af sérstöðu skólans og skólastefnu Borgarbyggðar. Starfsáætlun er gefin út árlega og gerir grein fyrir starfsemi leikskóla hvert skólaár.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verður að mati og umbótum. Gerð er grein fyrir framþróun á stefnu og sýn leikskólans, þróunarstarfi sem og hvernig skólinn hyggst fylgja þeim markmiðum og áætlunum sem hann setur sér með tillit til aðalnámskrár, skólanámskrár og skólastefnu Borgarbyggðar.

Skólanámskrá og starfsáætlun skulu staðfestar af fræðslunefnd skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skulu þær kynntar foreldrum. Ársskýrsla þessi er unnin út frá starfsáætlun Andabæjar og er skipulag starfsemi Andabæjar tímabilið 1. september 2023 til 30. júní 2024.

Greinagræð leikskólastjóra

Skólaárið einkenndist af stöðugum starfsmannahóp vinnugleði og samvinnu. Ákveðið var að prufa fulla vinnustyttingu og kom það vel út og mikil ánægja, reynt er eftir fremsta megni að leysa hana af innan skólans. Mikil samvinna og gleði hefur verið á milli deilda sem lýsir starfsmanna hópnum vel. Ef einhverjar hindranir hafa verið þá hafa starfsmenn verið duglegir að hugsa í lausnum.

Starfsmannapúlsinn kom mjög vel út og má það þakka hópnum sem er syðjandi og hvetjandi í þeim verkum og verkefnum sem eru í skólanum.

Við vorum svo heppin að fá tengslafyrirlestur upp í hendurnar og hefur hann sett mark sitt á starfið frá því í febrúar. Mikil vitundarvakning var á meðal starfsmanna um tengslamyndun barna og hversu mikil áhrif viðbrögð okkar hafa á börn. Stjórnendateymið tók líka eftir því hversu mikilvægt er að fá eftirfylgnina til að innleiða hugmyndafræði og vinnulag inn í starfið. Áhugi er að halda áfram með þetta óvænta verkefni og láta það flæða inn í starfið. Einnig fengum við fyrirlestur í teymisvinnu og vakti það áhuga starfsfólks að halda betur utan um teymin.

Beðið hefur verið með endurnýjun á skólanámskrá hjá okkur því skólastefna Borgarbyggðar hefur verið í endurskoðun og nú hefur hún verið gefin út og því hefst vinna að nýrri skólanámskrá á næsta skólaári.

Barnahópurinn kemur víða að eða frá Reykholtssdal, Lundarreykjadal, Bæjarsveit, Hvanneyri, Skorradal og Borgarnesi. Fjölbreyttur nemendahópur og foreldrar keyra sumir mjög langa vegalengd til skóla. Biðlisti hefur verið á Hnoðraból og höfum við aðstoðað eins og við getum til að koma á móts við þá foreldra sem kjósa að keyra um langan veg. Þegar losnar svo pláss á Hnoðrabóli fara þau börn þangað.

Helstu áherslupættir skólaársins var útikennsla, vináttu verkefnið, lubbi finnur málbein og sjö venjur til árangurs, samvinna og gleði.

Hagnýtar upplýsingar



Leikskólinn Andabær, Hvanneyri
Arnarflöt 2

311 Borgarnes

Símanúmer skólans: 433 7170

Netfang skólans: andabaer@borgarbyggd.is

Heimasíða skólans: <http://www.andabaer.leikskolinn.is>

Leikskólastjóri: Ástríður Guðmundsdóttir

Netfang: asta@borgarbyggd.is

Aðstoðarleikskólastjóri: Áslaug Ella Gísladóttir

Netfang: aslaug@borgarbyggd.is

Símanr. deilda: Goðheimar 4337172, Álfheimar 4337173 og Hulduheimar 4337174 Eldhús 4337175

Leikskólinn Andabær á Hvanneyri er þriggja deilda leikskóli og heita deildarnar Goðheimar, Álfheimar og Hulduheimar. Leikskólinn var upphaflega stofnaður af foreldrum um 1982-1983 og var þá staðsettur í kjallara Bændaskólans á Hvanneyri. Síðar flutti hann í húsnæði Andakílsskóla en 1991 flutti starfsemin í eigið húsnæði og sveitafélagið tók við rekstri skólans. Vaxandi íbúafjöldi kallaði á stærri leikskóla og 2009 var flutt í stóran og glæsilegan skóla sem rúmar um 64 börn. Skólinn er vel staðsettur í umhverfi kletta og fallegrar náttúru sem býður upp á skemmtilega upplifun og reynslu sem nýtt er í námi barnanna. Opnunartími skólans er frá 7:45-16:15. Veturinn 2023-2024 er enn örlítill fækkun á nemendum frá fyrri árum, í vetur voru 38 börn. Borgarbyggð er rekstaraðili leikskólans og málefni hans falla undir fræðslunefnd Borgarbyggðar.

Barnafjöldi

Í desember 2023 voru 32 börn skráð í leikskólann. Í töflunni hér að neðan er hægt að sjá fjölda nemenda í árgöngum og dvalartíma 1. desember. (skil til hagstofu)

Samt. fjöldi nemenda, eftir árgöngum og dvalarstundafjölda:				
Árgangar barna	Fjöldi dvalarstunda			Samt. börn:
	4,0-4,5	5,0-6,5	7,0-10,0	
Elsti árgangur	0	0	7	7
Annar árgangur	0	0	5	5
Þriðji árgangur	0	0	5	5
Fjórdi árgangur	0	0	10	10
Fimmti árgangur	0	1	4	5
Sjötti árgangur	0	0	0	0
Samtals börn:	0	1	31	32

Boðið er uppá vistun frá því að fæðingarorlofi lýkur. Þar af leiðandi er verið að aðlaga börn allt árið og veldur það töluverðu álagi á starf yngstu deildarinnar. Í samfélagi eins og á Hvanneyri eru miklar breytingar í barnahópnum allt árið um kring. Fjöldinn fór upp í 38 börn á skólaárinu þegar mest var (Maí).

Mannauður

Frekar stöðugt starfsmannahald var á skólaárinu tveir starfsmenn voru í fæðingarorlofi, sérkennslustjóri og deildastjóri á yngstu deild. Ekki tókst að ráða í stöðu sérkennslustjóra en auglýst var þrisvar sinnum á Alfreð, skólastjóri tók yfirumsjón með sérkennslustjórnun og deildastjórar tóku sérkennsluna. Starfsmaður af Hulduheimum tók að sér deildastjórn í fjarveru deildastjórans á þeirri deild eru þrír starfsmenn. Fjórir starfsmenn eru á Álfheimum þar af tveir leikskólakennarar og einn af þeim sinnir deildastjórastöðu. Á þeirri deild er einnig starfsmaður sem er nemi í iðjuþjálfun frá Háskólanum á Akureyri. Á Goðheimum voru tveir starfsmenn meiri hluta vetrar einn leikskólakennari sem sá um deildastjórn en í febrúar kom starfsmaður í 85% starf þar sem töluvert var um sérkennslu á deildinni. Einn starfsmaður er í eldhúsi í 100% stöðu. Afleysing fyrir undirbúning er 80%. Aðstoðarskólastjóri er í 85% þar af er 15% í stjórnun og 20% sem leiðsagnarkennari. Skólastjóri er í 100% starfi. Matráður er í 100% stöððu. Í vetur voru 13-14 starfsmenn við skólann (11,25 -14,6 stöðuhlutfall eftir mánuðum). Nýr starfsmaður byrjaði hjá okkur í febrúar með BS próf í búvísindum og tók að sér verkefnastjórnun yfir Grænfánaum okkar. Við tókum á móti 6 ungmennum frá vinnuskólanum sumarið 2023 og gekk það mjög vel.

Húsnæði og viðhald

Lítið var gert í viðhaldi í Andabæ það átti að skipta um gólfdukk á hluta hússins en ekkert varð að því og búið að bíða eftir því í nokkur ár. För og göt eru komin í gólfdukkinn í öllu húsinu og hann farin að láta verulega á sjá vegna þess sem og bónleysis. Einnig eru mörg útileiktæki orðin úr sér gengin og þarfnast viðhalds og skipta þarf út nokkrum. Keypt voru tvö ný tæki í desember en voru ekki sett upp fyrr en í júlí 2024.

Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2023-2024

Námsmat

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við dags daglega og það sem þau hafa áhuga á. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja við nám og velferð barna við skipulagningu starfsins og í samstarfi við foreldra. Þegar fylgst er með þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á **alhliða þroska, sjálfstæði, áhugasvið, þátttaka í leik úti og inni, félagsfærni og samkennd, frumkvæði og sköpunarkraft, tjáningu og samskipti**. Í Andabæ eru notuð nokkur matstæki og búin eru til skráningar blöð þegar það á við t.d. varðandi hegðun og samskipti:

TRAS er skráningarkerfi þar sem haldið er utan um skráningu á málþroska barna frá tveggja ára aldri. Efnið var samið í Noregi af sérfræðingum á sviði sérkennslu og talmeinafræði. Listinn miðar að því að fylgjast með málþroska barna í daglegu leikskólastarfi og þannig sé hægt að skipuleggja málörvun fyrir þau börn sem á þurfa að halda. TRAS skráningin tekur til málskilnings, málvitundar, framburðar, orðaforða, setningamyndunar, félagsfærni, samskipta, einbeitingar og. Deildastjóri heldur utan um skráninguna og fyllir inn í TRAS skráningarblaðið tvisvar sinnum á ári fyrir hvert barn frá 2 ára aldri.

MÍÓ er góð viðbót við TRAS, MÍÓ er skimunarefni í stærðfræði fyrir leikskóla. Það varð til í Háskólanum í Stavanger eins og TRAS skimunarefnið. Hvert barn er skimað þrisvar á leikskólagöngunni. Skimuninn fer fram við daglegar athafnir og starf í skólanum og taka allir starfsmenn viðkomandi deildar þátt í henni. Matið tekur til þriggja meginsviða stærðfræðinnar sem eru *þrautalausnir, rúmfræði og talning og fjöldi*. Byrjað er að skrá frá 2 ára aldri.

Heilsubók barnsins hún er grunnur heilsustefnunnar því hún hjálpar okkur að ná settum markmiðum. Vor og haust eru börnin metin og árangurinn skráður í heilsubókina, og í framhaldi af því fá foreldrar viðtal við kennara, sem skýrir þeim frá stöðu barnsins. Matsaðferðin felst í nákvæmri skráningu á þroska barns og færni, skráð er heilsufar, hæð og þyngd, félagsleg færni, og listsköpun (þróun teikninga o.s.frv.) einnig er líðan barns skoðuð. Skráningin veitir kennurum haldbæran grunn í foreldraviðtölum þar sem farið er yfir niðurstöður. Þessi leið gefur hlutlausa heildarsýn yfir stöðu barns í öllum þroskaþáttum. Heilsubók barnsins er í öllum tilfellum trúnaðarmál og eign barnsins að leikskólagöngu lokinni. Verið er að vinna að rafrænni Heilsubók hjá Samtökum Heilsuskóla.

Leiðtogabók barnsins er samtvinnuð Heilsubókinni þar eru sett ýmis verkefni sem börnin hafa gert í leiðtogaverkefninu. Gaman er að sjá framfarir í teikningu og öðru sem þau eru að fást við. Styrkleikar barnanna eru einnig settir í bókina ýmist sem foreldra, starfsfólk eða börnin sjálf skrifa.

Hljóm-2 er fyrir elsta árgang skólans en þetta er staðlað. Þau börn sem koma út með frekar slaka eða mjög slaka færni fara í sérstakt „málörvunarátak“ og síðan eru börnin prófuð aftur til að kanna hver staða þeirra er eftir þessa vinnu. Ef lítil eða engin framför verður þá er leitað eftir frekari sérfræðiaðstoð.

Mat á starfsemi

Fræðslunefnd fer með málefni leikskóla í Borgarbyggð í umboði sveitarstjórnar og hefur eftirlit með því að starfsemin samræmist lögum, reglugerðum og aðalnámskrá fyrir leikskóla.

Könnun á viðhorfi Starfsmanna var gerð af **Skólapúlsinum** í mars 2024 og verða niðurstöður nýttar fyrir úrbótaáætlun 2024–2025 og starfsáætlun næsta skólaárs. Skólapúlsinn er lagður fyrir árlega. Annað hvert ár er lögð spurningakönnun fyrir starfsfólk og annað hvert ár fyrir foreldra. Skólapúlsinn kom mjög vel út og mikil ánægja er meðal starfsmanna. Starfsmenn voru mjög ánægðir með m.a. samstarfið í skólanum þar sem samstarf innan og utan deilda er gott og starfsmönnum finnst það hafa áhrif innan skólans. Starfsfólk upplifir valdeflingu þar sem stutt er við hvort annað og næsti yfirmaður aðstoðar starfsmenn til að auka færni sína í stafi. Það verður áskorun að halda þessum niðurstöðum og missa ekki þráðinn því næst er könnun lögð fyrir starfsmenn í mars 2026.

Andabær er **heilsueflandi** skóli og eru notaðir þar tilgerðir gátlistar til að meta hvar skólinn er staddur í ýmsum þáttum. Farið var enn og aftur af stað með **kvarthausa áskorun** (meðal starfsmanna) sem hlotið hefur fastan sess hjá okkur í Andabæ og notum við hvert tækifæri til að breiða út boðskapinn. Kvarthaus mánuður var í október og mars, starfsfólk fær armbönd til að minna sig á verkefnið og vera meðvitað um orð sín og viðbrögð. Í ár tókum við eftir meiri samheldni og trausti sem að öllum líkindum má þakka þessu verkefni að stórum hluta.

Deildarfundir, starfsmannafundir og starfsdagar hafa verið notaðir til að meta starfið og samræma starfshætti. Deildarfundir eru á fimmtudögum og skiptast deildar á að fá fund í 1kl í senn. Leiðtogafundir (stjórnendateymið) eru alla föstudaga í 1 kl í senn. Skipulagsdagar voru 5 á skólaárinu. Starfsmannafundir voru 4 á skólaárinu. Á skipulagsdögum og starfsmannafundum var farið yfir ýmis verkefni sem verið er að vinna hverju sinni og einnig fræðsla og undirbúningur. Þetta er góður vettvangur að meta starfið hvað gengur vel og hvað má betur fara.

Foreldraviðtöl voru tvö á skólaárinu, í nóvember og síðan í apríl. Verið er að valdefla börnin í þessum viðtölum og hafa þau nemendastýrð og voru elstubörnin með í viðtalinu ásamt foreldrum og voru þau þá búin að fylla út blað með líðan sinni. Yngir hópurinn á Goðheimum gerði einnig slíkt blað sem foreldrar komu með í viðtalið en börnin voru ekki með. Skráð er í heilsubók barnanna og þroski þeirra og færni metin samkvæmt sérstökum skráningarblöðum. Þessi skráning og samræður við foreldra gefa báðum aðilum góða mynd af stöðu barnsins. Við munum halda áfram að þróa nemendastýrð viðtöl á næsta skólaári.

Starfsmannasamtöl fóru fram í mars. Samtalið byggði á spurningum um líðan í starfi og samskipti ásamt því að starfsmaðurinn átti að meta eigin frammistöðu í nokkrum starfsþáttum (fagmennska,

starfshæfni og starfskunnátta, þjónustulund, samskiptahæfni, frumkvæði og samvinna, viðvera). Þá var farið yfir verkefni í undirbúningstíma, endurmenntun/óskir og annað sem starfsmaður eða skólastjóri vildu ræða. Skólastjóri tók viðtölin þetta árið en annars hefur aðstoðarleikskólastjóri einnig tekið viðtöl. Samantekt viðtalanna sýnir mikla ánægju í starfi en það eru ákveðnir álagspunktur sem skólinn þarf að skoða með starfsfólki. Mikið er fjallað um styttingu vinnuvikunnar og hversu mikil ánægja er með fulla styttingu. Skólinn hefur reynt eftir fremsta megni að leysa styttingu af og finnur fólk fyrir auknu álagi þegar það hefur ekki tekist.

Leikskólinn gerir **starfsáætlun** fyrir hvert skólaár og er þar fjallað um starfsemi skólans, skóladagatal og ýmsar hagnýtar upplýsingar. Ýmsar áætlanir eru unnar innan leikskólans og eru í sífellldri þróun síðast í maí 2024 t.d. eineltisáætlun, áfallaáætlun, móttökuáætlun nýrra barna og starfsmanna svo eitthvað sé nefnt.

Mat á viðburðum en gert er endurmat á öllum viðburðum skólans ýmist allir eða minni hópur. Þetta hefur nýst vel í starfinu til að gera betur og hampa því sem hefur gengið vel.

Innra starf

Starfsáætlun/áherslur í starfi

Í starfsáætlun skólans voru helstu áhersluatriði fyrir skólaárið: útinám og útivera, og að tengja öll þau verkefni sem við erum að vinna að saman til að auðvelda okkur ýmis verkefni skólans. Mjög svo óvænt duttum við niður á verkefni um Tengsl og Tengslamyndun barna. Þetta verkefni vakti mikinn áhuga starfsmanna og er áhugi á að halda því áfram næsta haust.

Deildastjórar og sérkennslustjóri skrifa sína skýrslu eftir veturinn, um það starf sem þeir hafa lagt áherslu á um veturinn.

Innra mat Goðheimar veturinn 2023-2024

Í vetur voru 12 börn á Goðheimum og tveir starfsmenn. Barnahópurinn var mjög fjölbreyttur og margir fjörugir og skemmtilegir karakterar í hópnum. Starfið einkenndist af gleði og ró. Hópurinn samlagaðist nokkuð vel og sköpuðust mikil tækifæri til frjálssleiks. Sem börnin nutu í botn.

Það var ýmislegt brallað margt sem við höfum áður gert og annað sem var prófað í fyrsta skiptið. Þar sem börnin voru fá ákváðum við að prófa að hafa slökunar herbergi hjá okkur inni á deild. Fengum gefins hægindastól, kveiktum á norðurljósalampa og rólegri tónlist og höfðum slökkt ljósin. Börnin voru mjög áhugasöm um þetta en þegar leið á fannst okkur við vera mjög illa nýtt rými sem kallaði á breytingar að nýju. Við höfum ekki sagt alveg skilið við þessa hugmynd okkar og erum að leita leiða til að þróa þessa hugmynd svo hún geti nýst okkur sem allra best.

Við breyttum líka kaffitímunum barnanna. Allt er sett á hlaðborð og börnin koma að borðinu velja sér sjálf hvað þau vilja og smyrja sjálf. Fá að sjálfsögðu aðstoð ef þau vilja. Með þessum erum við að valdefla börnin og fá þau svo að velja sér sjálf sæti með þeim sem þau vilja í stað þess að sitja í fyrri fram ákveðnu sæti frá kennara. Það hefur verið ótrúlega gaman að fylgjast með þroskabreytingum sem hafa átt sér stað í kjölfar þessa breytinga. Þau eru orðin miklu sjálfstæðari og sýna mikla hjálpsemi til hvors annars.

Líkt og síðustu ár lögðum við áherslu á Vináttuverkefnið (Blær), Grænfánann, Leiðtogann í mér og Lubba og fengu börnin bæði skipulagðar stundir þar sem unnið var með þessi þemu auk þess sem unnið var með þau í gegnum frjálstan leik.

Í vetur voru 7 börn í Skólahóp. Unnið var að allskonar verkefnum, s.s. stærðfræði, málvitund, skrift, verkefnum tengd Réttindaskóla Unicef, umferðafræðsla o.fl. Skólahópurinn var alltaf saman í hádeginu meðan önnur börn fóru í hvíld. Að gefa börnunum þessar 30 mínútur á hverjum degi hefur okkur þótt takast vel. Tíminn er nýttur í fjölbreytt verkefni. Við ákváðum að setja það fast inn að byrja hverja stund á slökun. Þá var lesin hugleiðsla saga eða hlustað á hugleiðslu sögu frá Hugarfrelsi á Spotify. Þarna áttu

börnin að sitja eða liggja (misjafnt hvað boðið var upp á) í 7-8mínútur loka augunum og trufla ekki samferðafólk sitt. Þetta gekk mjög vel til að byrja með. Börnunum fannst þetta ekkert rosaalega skemmtilegt en gekk vel og þau voru mjög dugleg að hlusta og reyna að njóta. Við vildum gefa börnunum þetta tól sem felst í hugleiðslusögum til að geta sest niður og kúplað sig aðeins frá amstri dagsins. Það er okkur öllum holt að geta aðeins lokað augunum og endurstilla sig. Þetta fjaraði aðeins út eftir því sem leið á skólaárið en í heildina vorum við ánægðar með þessar tilraun okkar. En kannski sniðugt að gera þetta á ákveðnum dögum í staðinn fyrir alla daga vikunnar.

Skólahópur fór einnig reglulega í heimsókn í Hvanneyrardeild GBF til þess að kynnast skólafarfinu. Nemendur úr GBF komu einnig reglulega í heimsókn í leikskólann til þess að leika við börnin í leikskólanum. Börn úr Hvanneyrardeild GBF komu á þriggja vikna fresti og lásu fyrir börnin í leikskólanum á meðan þau borðuðu morgunmat. Þetta er mjög skemmtilegt verkefni sem er að festa sig í sessi milli skólastigana. Skólahópurinn hélt áfram í BioBlitz verkefninu í samstarfi við Landbúnaðarháskólann og Grunnskólann. Það snýst um að skrá líffræðilegan fjölbreytileika á Hvanneyri.

Við reyndum að vera dugleg að fara í vettvangsferðir en megum klárlega gera enn betur á nýju skólaári.

En við vorum mjög menningarlega sinnuð á þessu skólaári. Okkur var boðið 3 sinnum í vetur á sýningar í Borgarnesi. 15. september kom sýning frá Þjóðleikhúsinu í Óðal í Borgarnesi. Á þá sýningu fór Skólahópurinn og vakti hún mikla lukku. 20. október fóru allir á Goðheimum á sýningu í Óðal á vegum Óperudaga. Sýningin hét Vindurinn vinur minn og var mikil upplifun þar sem börnin voru miklir þátttakendur í sýningunni með allskonar hljóðum og hreyfingum.

16. nóvember héldum við að sjálfsögðu upp á Dag íslenskrar tungu. Grunnskólinn kom í heimsókn til okkar og söng fyrir okkur og við sungum Á Sprengisandi fyrir þau. Við ákváðum svo að skella okkur bara með grunnskólanum út í Landbúnaðarháskóla og sungum lagið okkar líka fyrir þau þar.

Skólahópur var svo beðinn um að koma og syngja við opnun nýrrar skrifstofu Umhverfisstofnunar. Þar var fullt af flottum gestum meðal annars ráðherra umhverfis og orkumála. Börnin stóðu sig að sjálfsögðu með mikilli þrýði og sungu uppáhaldslög vetrarins Á Sprengisandi og Vikivaka.

Við enduðum svo á því að fara í íþróttahúsið í Borgarnesi 7. mars og fylgjast með Sinfoníuhljómsveit Íslands og Maximús. Þar var okkur sögð sagan um Maximús með hjálp frá hljóðfæraleikurunum í Sinfoníuhljómsveitinni. Þetta var ótrúlega mikil upplifun og erum við ótrúlega þakklát fyrir að hafa fengið þessi tækifæri í vetur. Svo má að sjálfsögðu ekki gleyma þegar Skólahljómsveit vesturbæjar kom í heimsókn í grunnskólann á Hvanneyri og við fórum að hlusta og marseruðum um götur Hvanneyrar við glimrandi undirleik barnanna. Frábært framtak. Það var gaman þegar við fórum á Maximús þá fengum við að fara í sömu rútu og krakkarnir á Hnoðrabóli þá vaknaði sú hugmynd meðal barnanna að það gæti verið gaman ef við á Andabæ gætum einhvern tíman farið í heimsókn til þeirra á Hnoðraból og öfugt. Þetta kom algjörlega sjálfsprottið frá barni á Hnoðrabóli og væri virkilega gaman að gera þetta að veruleika.

Útskrift Skólahóps var haldin í júní. Börnin sömdu sjálf sitt leikrit. Allir völdu sér karakter sem þau vildu leika og svo var ákveðið hvað þau áttu að gera í leikritinu. Þau fundu út hvað þau áttu að segja og svoliðis. Allt var þetta þeirra hugmyndir sem við settum svo saman í skemmtilega bíómynd. Sem var svo að lokum sýnd á útskriftinni við mikla gleði. Einnig völdu börnin sér lög til að syngja við útskriftina. Þeim fannst vel við hæfi að velja lagið Bíómynd, Á Sprengisandi og Vikivaka. Börnin fengu svo möppurnar sínar, Blæ, bók að gjöf frá leikskólanum og íslenskan fána. Útskriftin heppnaðist mjög vel og áttum við notalega stund með börnunum og fjölskyldum þeirra.

Farið var í útskriftarferð í Vatnaskóg í maí ásamt leikskólunum Hnoðrabóli og Klettaborg. Öll börnin tóku þátt í útskriftarferðinni og áttum við skemmtilegan dag í Vatnaskógi þar sem farið var í gönguferðir, sigldum á bát út á vatnið og fengum pizzu í hádeginu og köku í kaffinu. Mjög skemmtilegur dagur og komu allir sælir og þreyttir heim í lok dags.

Þetta var mjög skemmtilegt skólaár sem var fljótt að líða og virðist sem allir hafi notið sín í leik og starfi.

Innra mat Álfheima veturinn 2023-2024

Í vetur voru 14-15 börn á aldrinum 2-4 ára á Álfheimum. Það var aðeins breyting á barnahópnum í kringum áramót en nokkur börn hættu og önnur komu inn í staðinn. Það var eitt barn hjá okkur í tvo mánuði frá nóvember-desember sem kom frá Grindavík. Það voru að jafnaði þrír starfsmenn með hópinn. Þetta var mjög kraftmikill hópur á breiðu þroskastigi og því var mikilvægt að hafa a.m.k. þrjá starfsmenn til þess að geta sinnt þörfum allra sem best. Veturinn gekk heilt yfir vel.

Í vetur höfum við reynt að leggja áherslu á þau verkefni sem leikskólinn vinnur að. Okkur hefur gefist best að vinna með þessi verkefni í gegnum leikinn því börn á þessum aldri hafa misjafnvlega gott úthald í að vinna að verkefnum með beinum hætti, s.s. í fyrirfram ákveðnum stundum. Þó höfum við nýtt tækifærin í samverustundum og verið með t.d. Lubbastundir, vináttustundir og leiðtogastundir.

Í Lubbastundum höfum við sungið Lubbalögin, lesið sögurnar sem fylgja hverju máhljóði auk þess sem við náum stundum í Lubbakassa þar sem hægt er að finna hluti sem byrja því máhljóði sem verið er að vinna með. Einnig erum við með upp á vegg máhljóð vikunnar og myndir sem tengjast því.

Í vetur unnum við með Vináttuverkefni Barnaheilla. Öll börn eiga eins bangsa sem heitir Blær. Bangsinn er börnunum alltaf aðgengilegur og geta þau fundið hann og fengið knús frá Blæ þegar þau þurfa á því að halda. Einnig hafa flest börn Blæ hjá sér í hvíld. Í Vináttustundum hlustum við á og syngjum lög tengd Vináttuverkefninu, hlustum á nuddsögur og lesum sögur tengdar Vináttunni.

Leiðtogaverkefnið var á sínum stað og höfum við mest megnis verið að vinna með það óbeint og í gegnum leikinn. Eldri hópurinn hefur farið í Leiðtogastundir þar sem lesnar eru sögur tengdar Leiðtoganum í mér. Einnig reynum við að tileinka okkur það að nota orðræðu tengda Leiðtoganum og hvetja börnin til þess að sýna sjálfstæði, fara út fyrir þægindarammann og tileinka sér venjur Leiðtogsans í mér.

Á Álfheimum er stöðug málörvun í gangi. Starfsfólk leggur sig fram um að setja orð á hluti og athafnir og endurtaka leiðrétt það sem börnin segja. Eftir áramót lögðum við einnig sérstaka áherslu á málörvunarstundir og þá voru 3-4 börn í skipulögðum málörvunarstundum. Eftir hádegi gefst oft tími til þess að spila við börnin og setjumst við oft með þeim og spilum og nýtum við þá tækifærið til málörvunar.

Grænáninn á líka sinn stað í starfinu okkar. Við reynum eftir bestu getu að nota blöðin okkar vel þegar við erum að lita eða teikna. Eins reynum við að vera dugleg að fara út og læra að þekkja nærumhverfið okkar og styrkja okkur í leiðinni. Við lærum ýmislegt í göngutúrum, við styrkjumst, lærum að ganga í ósléttu undirlagi, klifra í klettum, hoppa í pollum og allskonar skemmtilegt. Svo lærum við líka umferðarreglur. Við lögðum upp með í haust að fara tvisvar í viku í stuttan göngutúr öll saman. Þetta byrjaði vel en svo dattu gönguferðir oftast upp fyrir í vetur og okkur hefur gengið illa að koma þessu inn í rútínu aftur með vorinu.

Það er fastur liður hjá okkur í dagskipulagi að fara í Kubbaherbergið, salinn, myndlist og könnunarleik. Einu sinni í viku förum við í kubbaherbergið þar sem börnin byggja ýmislegt úr Holukubbum. Það er mjög gaman að sjá hvernig byggingarnar þeirra þróast með tímanum og leikurinn í kringum þær.

Einu sinni í viku fara öll börn í skipulagða hreyfistund. Þar förum við í leiki, þrautabrautir, æfum þol, grófhreyfingar o.m.fl.. Svo er í boði að fara í salinn í „Opið á milli deilda“ einu sinni í viku og þá gefst börnunum tækifæri til þess að fara í frjálsan leik í salnum.

Könnunarleikur er vinsæll leikur á Álfheimum. Þá leika börnin sér með „verðlausan“ efnivið með sem minnstum afskiptum frá starfsmanni. Starfsmaður situr, fylgist með og skráir niður leik barnanna og hvetur þau til þess að leita lausna sjálf. Þetta er mjög skemmtilegur leikur og þroskandi fyrir börnin.

Myndlist er einnig fastur liður hjá okkur a.m.k. einu sinni í viku. Þá fá börnin tækifæri til þess að skapa margvísleg listaverk. Í þessum stundum sem taldar eru upp hér að ofan er barnahópnúmm alltaf skipt upp í tvo til þrjá minni hóp á svo hvert barn fái að njóta sín sem best í því verkefni sem það er í hverju sinni.

Eftir áramót hefur allt starfsfólk leikskólans sótt námskeið um tengslaröskun og fengið góða eftirfylgni eftir það námskeið. Þetta hefur nýst starfsfólki afar vel og er gaman að sjá hvað lærdómurinn af þessu námskeiði hefur komið sér vel í vinnu með börnum sem sýna vanlíðan eða hafa átt í einhverjum erfiðleikum hvort sem er félags- eða tilfinningalega.

Innra mat Hulduheima veturinn 2023-2024

Fyrir áramót voru fimm börn á Hulduheimum og tveir starfsmenn en eftir áramót bættist í hópinn og voru börnin níu og þrír starfsmenn. Börnin eru 1-2 ára.

Á dagskipulaginu var lagt upp með að börnin færu að minnsta kosti einu sinni í viku í vettvangsferð, hreyfistund, Lubba, sköpun, Vináttustund og könnunarleik. Við lögðum þó sérstaklega áherslu á frjálsa leikinn og vorum oft með Lubba og Vináttu inni í frjálsa leiknum sem gekk mjög vel. Við vorum með málhljóð vikunnar úr Lubba uppi á vegg og myndir af hlutum/persónum sem byrjuðu á því hljóði sem börnunum fannst mjög gaman að skoða og unnum við svo með málhljóðin í Lubbastundum. Vináttuna nýttum við hvað mest í frjálsa leiknum þar sem við töluðum um það hvernig við erum góð við hvert annað og skiptumst á.

Opið á milli deilda er tvo daga í viku, á þriðjudögum og föstudögum, deildastjórar höfðu gert skipulag hvað ætti að vera í boði á hverri deild og ráða börnin því hvar þau leika sér eftir því hvaða viðfangsefni þeim hugnast hverju sinni. Það sem hefur verið í boði í vetur er sköpun, borðverkefni, samverustundir, tónlist, stærðfræði/vísindi, könnunarleikur og fleira. Salurinn er í boði á þriðjudögum, þar er einnig búið að skipuleggja hvað er í boði hverju sinni, t.d. þrautabraut, leikir, körfubolti, fótbolti og fleira. Á föstudögum er kubbaherbergið í boði og þar er hægt að leika sér með holukubbana og fara í búninga. Á föstudögum er svo endað í salnum í sameiginlegri söngstund.

Hulduheimar hafa salinn til afnota einn morgun í viku. Við notum þann tíma til að hreyfa okkur og gerum við alltaf æfingar í byrjun tímans og endum svo í frjálsum leik. Það sem við höfum verið að vinna með í vetur er til dæmis þrautabraut sem við setjum upp og aðstoðum börnin við að ganga eftir henni, við höfum verið að æfa okkur að fara í kollhnísa, klifra, kasta bolta, hoppa, skríða, standa á öðrum fæti, fara undir og yfir svo eitthvað sé nefnt.

Við höfum farið í kubbaherbergið einu sinni í viku þar sem börnunum finnst skemmtilegast að setja upp rennibraut úr holukubbunum. Við setjum upp rennibraut og stiga við hliðina þar sem börnin æfa grófhreyfingar við að klifra upp og þor til að renna sér niður rennibrautina. Í kubbaherberginu er stór kassi með búningum, börnunum finnst mjög gaman að finna sér búninga og klæða sig í þá.

Við erum með sköpun einu sinni í viku þar sem við erum ýmist að mála, teikna, líma og klippa. Við höfum málað með penslum, fingrunum, svömpum, bílum, golfkúlum og fleiru. Við leggjum áherslu á að börnin geri allt sjálf á sína mynd.

Könnunarleikur er einn morgun í viku þar leika börnin sér alfarið með verðlausan efnivið og hefur verið mjög gaman að fylgjast með þeim í vetur.

Á dagskipulaginu er útivera tvisvar til þrisvar á dag og reynum við að nýta þær vel. Þegar illa viðrar úti höfum við farið sjaldnar út en reynum þó að gæta þess að hvert barn fari út að minnsta kosti einu sinni á dag. Þegar vorar verður útiveran meiri og una börnin sér betur og lengur úti.

Við höfum það að markmiði að fara í gönguferðir að minnsta kosti einu sinni í viku og gekk það nokkuð vel. Við fórum oftast með allan hópinn saman og yfirleitt fórum við stuttar ferðir því við leggjum áherslu á að þau börn sem eru farin að labba gangi sjálf í gönguferðum. Við leyfðum börnunum yfirleitt að stjórna ferðinni. Það hefur verið gaman að sjá hvað úthaldið hefur aukist og gönguferðirnar lengst. Í

gönguferðum höfum við verið dugleg að nýta okkur grænánaverkefnið og kennt börnunum hvernig við göngum um náttúruna okkar.

Jólagjafirnar voru af sama sniði og undanfarið þar sem börnin fengu að velja sér efniðvið sjálf og stjórnuðu alveg hvað þau gerðu. Með þessu erum við að leggja meiri áherslu á ferlið sjálft en útkomuna. Samhliða þessu útbúum við starfsfólkið ferilbækur þar sem við setjum inn myndir af ferlinu og skrifum um það.

Innra mat sérkennslu veturinn 2023-2024

Sérkennslustjórnun var með öðru sniði í ár þar sem ekki náðist að ráða í stöðuna í fjarveru Kolbrúnar Töru sem var í fæðingarorlofi. Tekinn var fundur með deildastjórum og ákveðið að skólastjóri tæki yfirumsjón með skýrslum, einstaklingsnámskrám, samstarfi við sérfræðinga, skilafundi, hlutverki tengiliðar, setu á sérkennslustjórafundum, fulltrúi inn í lausnateymi og öðrum þeim störfum sem sérkennslustjóri sinnir. Deildastjórar tóku við sérkennslu inni á deildum og skráningu barna.

Skólastjóri hitti ráðgjafa skólaþjónustu mánaðarlega, sérkennslustjórafundir voru mánaðarlegir, þeir fóru fram í húnsæði Borgarbyggðar. Mótun á hlutverki tengiliðar fór mikið til fram á árinu með mánaðarlegum fundum tengiliða Borgarbyggðar og námskeiðum á vegum BOFS. Mikill tími fór í að móta starf tengiliðar og voru margir fundir og námskeið því tengt.

Foreldrarstarf var í formi foreldrafunda, símtala og tölvupósta en unnið var jafnt og þétt með foreldrum eftir þörfum bæði í formi ráðgjafar og stuðnings.

Mat á samstarfi leikskóla, grunnskóla og LBHÍ

Samstarfs samningurinn var 10 ára 2019 var hann endurnýjaður og undirritaður 28. Maí 2019. Mikið og gott samstarf er á milli skólanna allt árið um kring Goðheimar sóttu jólatré í Skjólbeltin með grunnskólanum. Í janúar fórum við svo í álfagöngu í Skjólbeltin þar sem kveikt var í jólatrjánunum okkar og sungin þrettándalög. Skemmtileg hefð hefur skapast þar sem nemendur úr grunnskólanum koma aðra hvora viku og lesa yfir morgunmat hér í leiskólanum, þetta styrkir þau í lestri og styrkir nemendur okkar í hlustun, mjög notalega stund. Deildarstjóri elstu deildar sér um að skipuleggja samstarf við Hvanneyrardeild GBF og LBHÍ og setur upp áætlun í byrjun skólaárs. Að vori hittast svo deildarstjóri, sérkennslustjóri og kennarar frá grunnskólanum og hafa svokallaða skilafund þar sem upplýsingar um þau börn sem byrja í skóla að hausti er skilað.

Þetta skólaárið var okkur líkt og í fyrra boðið að vera með í alþjólegu verkefni sem kallast **BioBliz**, þar tóku þátt nemendur af **öllum skólastigum** á Hvanneyri og nágrenni. Börn í elsta hópp fengu **fræðslu** frá starfsmanni Lbhí um líffræðilegan fjölbreytileika og síðan var haldið út og byrjað að skrásetja líffverur á háskólasvæðinu með ákveðnu appi. Það tókst virkilega vel til og var sérstaklega skemmtilegt að þarna væru saman komin **nemendur úr leikskóla og uppí doktorsnemendur ásamt starfsólki allra skólanna**. Nemendur skólans máluðu steina í allskonar litum og fóru með í Frúargarðinn þar sem starfsmenn Lbhí tóku á móti þeim með kleinum og djús. Steinarnir prýða nú blómabeð í Frúargarðinum.

Þróunarstarf

Tengsl og tengslaröskun er óvænt verkefni sem kom upp í hendurnar á okkur í vetur þar sem við vorum með nemanda með tengslaröskun fengum við Jóhönnu Jóhannesdóttur til okkar með 4 tíma námskeið. Hún kom svo tvisvar með eftirfylgni til okkar sem fólst í handleiðslu. Mikill áhug skapaðist í kringum þessa vinnu og ætlum við að leyfa henni að þrósast á komandi skólaári og láta þessa nýju þekkingu fljóta í samskiptasáttmála (agastefnu) okkar.

Ný heimasíða fór í loftið og urðu smá hnökrar á og höfum við því verið með gömlu síðuna virka þar til allt er komið í lag með nýju. Aðstoðarskólastjóri hefur séð um þá vinnu.

Starfsþróun

Starfsmannafundir og starfsdagar voru nýttir til starfsþróunar, endurmats, undirbúnings og áætlanagerðar. Starfsdagar voru 5 og starfsmannafundir voru 4 á skólaárinu.

Starfsmenn skólans sóttu ýmiskonar námskeið og fundi á starfsárinu sem voru ýmist á netinu eða í raunheimum:

- Allir starfsmenn sátu námskeið á vegum BOFS um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum.
- Allir starfsmenn sátu fyrirlestur á vegum KVAN hvernig við setjum mörk.
- 15.febrúar allir starfsmenn sátu námskeið hjá Kristínu Lillendahl um teymisvinnu, mikilvægi skólabrags og hlutverk starfsmanna o.fl.
- Allt starfsfólk fékk kynning á nýrri skólastefnu Borgabyggðar.
- Allt starfsfólk horfði á kynningu á breytingu Aðalnámskrá leikskóla.
- Kynning frá Borgarbyggð um farslædarlögin og meðvirkni á vinnustað frá Sigríði Indriðadóttur
- Skólastjóri sat stofnfund STEAM Borgarbyggð
- Námskeið hjá Jóhönnu Jónnesdóttur um tengslamyndun og tengslaröskun barna. Eftirfylgni í formi handleiðslu í tvö skipti 3 íma í senn.
- Skólastjóri sat cat námskeið á vegum ÁS ráðgjafastofu.
- Skólastjóri sat námskeið í tengiliðahlutverkinu á vegum BOFS
- Deildastjóri elstu deildar fór til Skotlands og tók námskeið í Story telling og floor book og heimsótti skóla þar.

Foreldrasamstarf

Góð samvinna foreldra og leikskóla er forsenda fyrir árangursríkri dvöl í leikskólanum og góðri líðan barnsins. Samvinna foreldra og leikskóla þarf að byggjast á **gagnkvæmri virðingu og opnum samskiptum**. Haldnir eru viðburðir þar sem foreldrum er boðið að koma í skólann.

Deildarstjórar og/eða leikskólakennarar veita foreldrum viðtal tvisvar sinnum á ári og oftar ef þörf krefur. Leikskólakennari upplýsir foreldra um stöðu og líðan barnsins í leikskólanum, hann byggir upplýsingar sínar um barnið á athugunum út frá heilsubók barnsins.

Karellen er innskráningarforrit sem Borgarbyggð notar. Þarna er kjörið tækifæri til að auka foreldrasamstarf. Með þess kerfi fylgir **heimasíða** sem leikskólinn opnaði í janúar 2018 og eru upplýsingar leikskólans nú aðgengilegri til foreldra. Viðmót Karellen til foreldra geymir helstu aðgerðir sem þeir þurfa á að halda til að hafa góða yfirsýn yfir skóladag barnsins og dagskrá skólans. Hægt er að sjá; viðveruskráningar, máltíðarskráningar, svefnskráningar, viðburðardagatal, matseðil, myndasafn, samtal milli heimilis og skóla. Foreldrar geta einnig skráð leyfi eða veikindi barns í gegnum sitt svæði (app eða vefsvæði). Deildastjórar senda vikupósta í gegnum appið

Skólastjóri hefur skrifað reglulega fréttapósta til að upplýsingaflæði sé gott einnig hefur hann sent mánaðarlega í tölvupósti venjurnar 7 foreldrum til fróðleiks. Ný heimasíða á svæði Borgarbyggðar hefur verið í vinnslu í vetur.

Foreldrafélag/Foreldraráð er starfandi við leikskólann og kosið er ár hvert (skv.11.gr. laga um leikskóla nr.90) vegna smæðar leikskólans er foreldraráð og foreldrafélag samrekið. Verkefni foreldrafélaga eru margvísleg og geta félögin stutt mjög vel við starfið í leikskólanum og því er það hagur hvers leikskóla að hafa öflugt og virkt foreldrafélag. Foreldrafélagið er skipað 3 foreldrum auk þess sem einn fulltrúi leikskólans situr fundi félagsins. Félagið hefur staðið fyrir sumarhátíð fyrir börn og foreldra og einnig keypt jólagjafir fyrir börnin sem afhentar eru á jólaballi.

Öryggismál

Öryggistrúnaðarmaður leikskólans er Sigurbjörg Þórunn Marteinsdóttir. Ástríður Guðmundsdóttir og Áslaug Ella Gísladóttir eru öryggisverðir leikskólans. Lóð leikskólans var tekin út af BSÍ sumarið 2023 en skólanum hefur ekki borist skýrsla varðandi úttekt. Lóðin er yfirfarin á hverjum morgni og skráð er niður hvað er ábótavant.

Hvanneyri 27.júní 2024
Ástríður Guðmundsdóttir
Leikskólastjóri
Sími: 4337170

www.andabaer.leikskoli.is
<https://borgarbyggd.is/stofnun/andabaer>

Skóladagatal 2023-2024

Samband Íslenskra
sveitarfélaga

Skóladagatal 2023 - 2024

Nafn skóla:

AGÚST	SEPTEMBER	OKTOBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1. A	1. S	1. S	1. M	1. F	1. M	1. F	1. F	1. M	1. M	1. L
2. M	2. L	2. M	2. F	2. L	2. F	2. L	2. L	2. M	2. F	2. S
3. F	3. S	3. M	3. F	3. S	3. M	3. L	3. S	3. M	3. F	3. M
4. F	4. M	4. M	4. L	4. M	4. F	4. S	4. M	4. F	4. L	4. M
5. L	5. M	5. F	5. S	5. M	5. F	5. M	5. M	5. F	5. S	5. M
6. S	6. M	6. F	6. M	6. M	6. L	6. M	6. L	6. M	6. M	6. F
7. M	7. F	7. L	7. M	7. F	7. S	7. M	7. M	7. S	7. M	7. F
8. M	8. F	8. S	8. M	8. F	8. M	8. F	8. F	8. M	8. M	8. L
9. M	9. L	9. M	9. F	9. L	9. M	9. F	9. L	9. M	9. F	9. S
10. F	10. S	10. M	10. F	10. S	10. M	10. L	10. S	10. M	10. F	10. M
11. F	11. M	11. M	11. L	11. M	11. F	11. S	11. M	11. F	11. L	11. M
12. L	12. M	12. F	12. S	12. M	12. F	12. M	12. M	12. F	12. S	12. M
13. S	13. M	13. F	13. M	13. M	13. L	13. M	13. M	13. L	13. M	13. F
14. M	14. F	14. L	14. M	14. F	14. S	14. M	14. F	14. S	14. M	14. F
15. M	15. F	15. S	15. M	15. F	15. M	15. F	15. F	15. M	15. M	15. L
16. M	16. L	16. M	16. F	16. L	16. M	16. F	16. L	16. M	16. F	16. S
17. F	17. S	17. M	17. F	17. S	17. M	17. L	17. S	17. M	17. F	17. M
18. F	18. M	18. M	18. L	18. M	18. F	18. S	18. M	18. F	18. L	18. M
19. L	19. M	19. F	19. S	19. M	19. F	19. M	19. M	19. F	19. S	19. M
20. S	20. M	20. F	20. M	20. M	20. L	20. M	20. L	20. M	20. M	20. F
21. M	21. F	21. L	21. M	21. F	21. S	21. M	21. F	21. S	21. M	21. F
22. M	22. F	22. S	22. M	22. F	22. M	22. F	22. F	22. M	22. M	22. L
23. M	23. L	23. M	23. F	23. L	23. M	23. F	23. L	23. M	23. F	23. S
24. F	24. S	24. M	24. F	24. S	24. M	24. L	24. S	24. M	24. F	24. M
25. F	25. M	25. M	25. L	25. M	25. F	25. S	25. M	25. F	25. L	25. M
26. L	26. M	26. F	26. S	26. M	26. F	26. M	26. M	26. F	26. S	26. M
27. S	27. M	27. F	27. M	27. M	27. L	27. M	27. M	27. L	27. M	27. F
28. M	28. F	28. L	28. M	28. F	28. S	28. M	28. F	28. S	28. M	28. F
29. M	29. F	29. S	29. M	29. F	29. M	29. F	29. F	29. M	29. M	29. L
30. M	30. L	30. M	30. F	30. L	30. M	30. L	30. M	30. F	30. F	30. S
31. F	31. M	31. M	31. L	31. M	31. M	31. F	31. F	31. F	31. F	

Samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasambands Íslands skulu skóladagar nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní.
Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma nemenda eru fimm og skulu ákveðnir af skólaljóðum í samráði við kennara og með hlöðsón af kjarasamningnum.
Starfsdagar kennara utan starfstíma nemenda eru 8.

Starfsáætlun 2023-2024

Andabær Hvanneyri 2023-2024 Í Andabæ eru 33 börn skráð í upphafi skólaárs og 12 starfsmenn, stöðuhlutfall 11,85		
Verkefni	Abyrgð	Áætluð lok
Almenn verkefni		
Unnið að grænfánamarkmiðum- umsókn um nýjan fána í maí 2023	?????	maí.23
Innra mat, Barnið í brennidepli - sjálfmat í leikskóla/gátlistar heilusk.	Stjórnendateymi/starfsmenn	Allt árið
Öryggi og slysavarnir	Ásta/Tóta/Áslaug	Allt árið
Skólapulssinn/foreldra hlutinn	Áslaug Ella/Ásta	Mars '23
Samstarf leik-grunn-háskóla	Starfsfólk	allt árið
Heimasíðan	Áslaug og Ásta	Allt árið
Rafræn Heilsubók - fá aðgang og setja upp.	Starfsfólk	jún.23
Skólanámskrá endurnýjuð með hliðsljón að nýrri menntam.enntam.og skólast. Borgarb.	Áslaug Ella/Ásta	Vor 2024
Kvartlaus áskorun í október og mars	Allir starfsmenn	okt'23/mars'24
Nám og kennsla		
Grænfánaleikskóli-ýmis verkefni-útinám-könnunarleikur	???? /starfsmenn	Allt árið
Heilsuleikskóli-hreyfistundir-næring-listir	Aðalheiður/Starfsmenn	Allt árið
Leiðtoginn í mér-verkefni-leiðtogahlutverk-leiðtogadagur	Ljósberateymi	Allt árið
TRAS (málproski skoðaður)/Hljóm	Deildarst./sérkennslustj.	Allt árið/okt.'23
MIÖ stærðfræði skimun	Deildarst./sérkennslustj.	allt árið
Vináttuverkefni Barnaheilla	Allir starfsmenn	Allt árið
Lubbi finnur málbein	Lubbateymi	Allt árið
Skólahópur (ýmis verkefni gerð)-samstarf leik. og grunnsk.	Tóta	Lok maí 2024
Foreldrasamstarf		
Foreldraviðtöl í nóvember og apríl	Stjórnendateymi	Nóv.'23/apr.'24
Opið hús (foreldrum boðið á opið hús í leikskólanum)	Stjórnendateymi	maí 2024
Aðventukaffi (foreldrum boðið í kaffi/kakó á aðventunni)	Stjórnendateymi	Des '23
Dagur leikskólans (foreldrum boðið í morgunkaffi þennan dag)	Stjórnendateymi	feb.'24
Tilkynningar til foreldra (tölvupóstar, heimasíða, karellen og tafla í fataherbergi)	Stjórnendateymi	Allt árið
Foreldrafundur (aðalfundur foreldrafélagsins haldinn í leikskólanum)	Ásta/foreldraráð	okt/nóv'23
Nýbreytni og þróunarverkefni		
Leiðtoginn í mér-krakkafundur	Ásta/Áslaug	Allt árið
Grænfáninn viðhalda verkefninu og innleiða ný markmið	????	Allt árið
Heilsuleikskóli, innleiðing á rafrænni heilsubók	Starfsmenn	Allt árið
Heilsueflandi leikskóli-þema ársins er ???	Heilsuteymi (Aðalheiður)	Allt árið
Vináttuverkefni Barnaheilla- vináttustundir	Allir starfsmenn skólans	Allt árið
Lubbi finnur málbein- málörvunarstundir	starfsmenn	Allt árið
Innleiðing á Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna	allir starfsmenn	jún.24
Innleiðing á Réttindaskóla UNICEF	3-5 kennarar og stjórnend	2024
Innleiða útinám í Andabæ og útbúa kennslufni	Starfsmenn	Allt árið
Kynfræðsla og kynvitund leikskólabarna	Kolbrún og stjórnendate	júní'24